

4. tbl. 30. árg. desember 2016

KRISTNIBOÐSFRÉTTIR

Fréttabréf Sambands Íslenskra kristniboðsfélaga



sik.is

Arfur - erfðaskrá

Kristniðoðssambandið (SÍK) hefur á undanförunum árum notið þess ríkulega að ýmsir hafa arfleitt SÍK, að hluta eða að öllu leyti, að eignum sínum. Oftast er um að ræða fólk sem á ekki löngerfingja. Ljóst er að án þessarar gjafa hefði SÍK hvorki getað staðið við allar skuldbindingar sínar né fært út kvíarnar.

Arfur er fyrir sumum feimnismál og erfitt umfjöllunar. Arfur hefur þó orðið öðrum til blessunar í mörg ár eftir andlát viðkomandi. Þess vegna er engin ástæða til annars en að benda á þessa leið. Til að tryggja að eignir eða hluti þeirra endi á ákveðnum stað þarf að liggja fyrir erfðaskrá sem kveður á um skiptingu eigna. Erfðaskrá gengur ekki í gildi fyrr en með andláti viðkomandi og þeim má breyta. Ýmis dæmi eru um að fólk breyti erfðaskrár enda hefur það fullan

ráðstöfunarrétt yfir eignum sínum meðan það lifir.

Fólk sem á löngerfingja getur ráðstafað um þriðjungi eigna sinna til annarra. Góðgerðasamtök þurfa ekki, frá og með síðustu áramótum, að greiða erfðafjárskatt af arfi.

Erfðaskrár þurfa að vera rétt gerðar og undirritaðar af vottum um að viðkomandi hafi gert skrána af sjálfsdáðum og án nokkurs þrýstings. Ef einhver er að velja þessum málum fyrir sér má hafa samband við skrifstofu SÍK og leita eftir ráðgjöf og aðstoð ef ætlunin er að SÍK njóti hluta arfsins. Farið verður með slík mál sem trúnaðarmál og skal það undirstikað að þó svo einhver ákveði ráðstöfun fjár síns og eigna eftir sinn dag, hefur viðkomandi fullt frelsi og þarf engan að spyrja, vilji hann eða hún breyta fyrri ákvörðun sinni.

RG

Íslensku-kennsla fyrir útlendinga

Kristniðoðssambandið býður upp á ókeypis námskeið í íslensku fyrir útlendinga. Námskeiðið er á þriðjudögum og föstudögum kl. 10-11.30 á Háaleitisbraut 58-60, 3. hæð. Boðið er upp á barnapössun á meðan kennslan fer fram. Kennsla hefst eftir jólafrí þriðjudaginn, 10. janúar. Nýir nemendur eru velkomnir.

.....



Hvalur hf.



Kristniðoðsfréttir

Fréttabréf Sambands íslenskra kristniðoðsfélaga, SÍK.

Blaðið Kristniðoðsfréttir segir frá kristniðoðsstarfi í Eþíópíu, Keníu, Kína, Japan og víðar um heim. Þar má lesa um útvarps- og sjónvarpskristniðoð sem SÍK styður í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku. Þá eru fréttir af heimastarfi félagsins, hugvekjur o.fl.

Blaðið kemur út fjórum sinnum á ári.

Áskrift er ókeypis.

Þeir sem hafa áhuga á að fá Kristniðoðsfréttir eru beðnir um að hafa samband við skrifstofu félagsins á Háaleitisbraut 58-60.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður er Kristín Bjarnadóttir.

Prófarkalestur sér Edda Ólafsdóttir um.

Útlit og uppsetningu annast Emil Hreiðar Björnsson.

Prentun er í höndum Ísafoldarprentsmiðju.

Útgefandi er Samband íslenskra kristniðoðsfélaga (SÍK) oft nefnt Kristniðoðssambandið, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík.

Sími: 5334900. Rafpóstur: sik@sik.is Vefslóð: http://sik.is

Formaður Kristniðoðssambandsins er Ólafur Jóhannsson.

Framkvæmdastjóri er Ragnar Gunnarsson.

Hvað er kristniðoð

Kristniðoðar hafa reynt að hjálpa fólki, sem býr við hörmungar, fátækt, líkamlega og andlega vanlíðan með ýmsum hætti. Íslenskir kristniðoðar starfa í Afrikulöndunum Eþíópíu og Keníu og í Japan. Þar vinna þeir að alhliða fræðslu, hjúkrun, heilsuvernd og margs konar þróunarverkefnum svo sem umbótum í landbúnaði, verndun vatnsbóla og fleiru.

Á tímum hungursneyðar taka þeir þátt í viðtæku hjálparstarfi og matvæladreifingu.

Samhliða þessu er trúin á Jesú Krist boðuð. Hún veitir fólki nýjan styrk og lausn undan valdi illra afla. Trúin gefur nýja lífsvon.

Hvað er kristniðoð

Allt starf SÍK er fjármagnað með frjálsum framlögum velunnara og áhugafólks.

Hægt er að gerast stuðningsmaður starfsins með föstum greiðslum eða með því að greiða inn á bankareikning félagsins (0117-26-2818 / kt. 550269-4149). Fjárhagsáætlunin er upp rúmar 70 milljónir á þessu ári.

Við þökkum fyrir gjafir til starfsins



Fótatak fagnaðarboðanna

Hugvekjuna í blaðið skrifar Sigurður Jónsson sóknarprestur í Áskirkju í Reykjavík.

Í pistli kristniðoðsdagsins úr Rómverja-bréfinu ritar Páll postuli á þessa leið:

„Nálægt þér er orðið, í munni þínum, í hjarta þínu.“ Það er: Orð trúarinnar sem við prédikum. Ef þú játar með munni þínum: Jesús er Drottinn, og trúir í hjarta þínu að Guð hafi upp vakið hann frá dauðum verður þú hólpinn. Með hjartanu er trúað til réttlætis, með munnum játað til hjálpræðis. Ritningin segir: Hver sem á hann trúir verður aldrei til vansæmdar. Í þessu er enginn munur á Gyðingum og Grikkjum. Hinn sami er Drottinn allra, fullríkur fyrir alla sem ákalla hann því að „hver sem ákallar nafn Drottins verður hólpinn“.

En hvernig eiga menn að geta ákallað þann sem þeir trúa ekki á? Og hvernig eiga þeir að trúa á þann sem þeir hafa ekki heyrt um? Og hvernig eiga þeir að heyra án þess að einhver prédiki? Og hver getur prédikað nema hann sé sendur? Svo er og ritað: „Hversu fagurt er fótatak þeirra sem boða fagnaðarerindið um hið góða.“

En ekki tóku allir við fagnaðarerindinu. Jesaja segir: „Drottinn, hver trúði því sem við boðuðum?“ Trúin kemur þannig af því að heyra. Og það sem heyrt er byggist á orðum Krists.“ (Róm. 10:8-17)

Nálægt þér er orðið, segir postulinn, orðið sem prédikað er, orðið sem boðar þér veruleika Guðs í heiminum og í lífi þínu. Orðið hefur verið boðað okkur, einu og sérhverju, alla okkar ævi. Það hefur verið haft fyrir okkur í ýmsum myndum, í sögum og bænum og guðspjónustum og prédíkunum, við höfum séð það á prenti, lesið það af bókum.

En hvað gerum við með orðið í önnum daganna? Höfum við það til spari, geymt bak við gullbrydda bókarkili og veljum úr því brot við hæfi til að skrifa í kort í tilefni gleði- eða sorgaratburða í lífi ættingja og vina, - eða á það sér snertifleti í hversdagslífi okkar einnig? „Blessuð hans orð sem boðast þér í brjósti og hjarta festu“, orti Hallgrímur Pétursson, og hvatti til þess að manneskjan léti orðið móta hugarfar sitt og hjartalag, miðaði líf sitt og viðhorf út frá því. Páll postuli ræðir á sama hátt um trú og játningu í pistli sínum, þ.e. að trúin sé hinn hugarfarslegi grundvöllur innra lífs manneskjunnar, meðan játning hennar tjáir hennar innri mann. Með hjartanu er trúað, með munnum er játað. Hvort tveggja birtist svo vitaskuld í verkum og atferli manneskjunnar, hvernig hún ber fram sinn innri mann og auglýsir trú sína í orði og verki.

Við erum sífellt að fást við orð. Orð eru til alls fyrst. Við mótum hugsun okkar með orðum, við fellum allt í orð, ástúð okkar og elsku tjáum við í orðum, en líka óbótaskammir og nöldur. Þess vegna eru orð dýr, og eins og löngum sannast, þá bera fæst orð minnsta ábyrgð.

Jólaboðskapurinn er í hugum margra eins konar spariflík, tengd árlegri kirkjuferð þeirra. Yfir því kann einhverjum að þykja tilefni til að reyta hár sitt, en um leið er það sannarlega fagnaðarefni hve margir leggja leið sína til kirkju á jólnum. Enn ánægjulegra er til þess að hugsa, að í þeirri árlegu heimsókn í helgidóminn getur að heyra „gleðiðboðskap þann sem æðstur er“; boðskapinn eilífa um kærleika

Guðs í Kristi, fæðingu hins fátæka og umkomulausa Jesúbarns inn í hrokafullan heim sem taldi sig síst þurfa á nærveru Guðs að halda.

Kristindómurinn varð að veruleika fyrir mátt orðsins, Orðsins er varð hold í Kristi, vissulega, og síðan fyrir mátt þess orðs sem talað er og boðað, ritað og fram sett til að segja öðrum frá, hafa áhrif á líf þeirra, opinbera nýjan veruleika, boða sannleika um návist Guðs, sem orð ná þó naumast yfir. Hver getur prédikað nema hann sé sendur?, spyr Páll. Prédikarinn þarf að eiga erindi. Honum þarf að liggja nokkuð á hjarta, sem hann telur brýnt að deila með öðrum, vitna um.

Fagnaðarerindi Guðs er nokkuð, sem lengi hefur legið mörgu fólki á hjarta. Opinberun hans í Kristi Jesú hefur víða farið, og fréttirnar af henni verið sagðar ótal sinnum. Enn er fólk um allan heim sem liggur sú opinberun á hjarta, og enn er fólk sem þyrstir í fagnaðarerindið um hið góða. Biðjum fyrir því, og útbreiðslu fagnaðarerindis Jesú Krists, sem græðir sollin sár og huggar fólk í þrengingum, vegna þess að kjarni þess ber í sér ást Guðs til heimsins sem hann elskaði svo, „að hann gaf einkason sinn til þess að hver sem á hann trúir glatist ekki, heldur hafi eilíft líf.“ (Jóh. 3:16). Guð gefi að fótatak fagnaðarboðanna berist þér til eyrna nú, í aðdraganda hátíðarinnar helgu sem senn fer í hönd, og að erindi þeirra muni fylla hjarta þitt birtu, kærleika og friði.

Gleðileg jól!



Af götu í skóla

Kristniboðssambandið styður fátæk börn og fjölskyldur þeirra í Addis Abeba í Eþíópíu í gegnum tvenn samtök. Önnur samtökin kallast *My sisters* (Systur mínar) hin *Hope for children* (Von handa börnum). Verkefnið kallast *Af götu í skóla*.

Samtökin *My sisters* opnuðu nýlega nýtt barnaheimili, fjórða barnaheimilið sem þau reka. 20 börn geta fengið pláss á nýja barnaheimilinu. Mikil þörf er á barnaheimilum vegna þess að margar ungar, einstæðar mæður, sem hafa fengið stuðning hjá samtökunum, hafa fengið vinnu og geta því framfleytt sér og börnum sínum. En þær vantar gæslu fyrir yngstu börnin sín. Sumar mæður hafa þurft að grípa til þess örþrifa ráðs að láta ung börn sín, allt niður í fjöggra ára gæta yngri systkina sinna. Í dag eru um 80 börn á barnaheimilum samtakanna. Þessi börn skara fram úr öðrum börnum þegar þau hefja skólagöngu, því þau eru mun betur undir skólann búin. Þau eru líkamlega og andlega heilbrigð. Það er gleðilegt og uppörvar starfsfólk barnaheimilanna.

My sisters bjóða konum upp á hárgreiðslu- og leikskólakennaranám. Þær sem ljúka náminu fá allar starf. Orðsporið

berst og nú er svo komið að ekki er hægt að taka við öllum sem sækja um námið. Norðmenn ætla að safna fyrir skólabyggingu svo hægt verði að taka á móti fleiri nemendum.

My sisters reka einnig heilsugæslu og þar er mikið að gera alla daga. Oft koma alvarlega veikir einstaklingar sem þarf að leggja inn á sjúkrahús og reynir starfsfólkið að fylgja þeim eftir. Þá reka samtökin skóla, eru með unglingaklúbb, bókasafn og lessal þar sem börn og unglingar fá aðstoð við heimanám. Þar er hvert sæti skipað alla daga.

Frá samtökunum *Hope for children* berast góðar fréttir. Samtökin hafa m.a. að markmiði að koma í veg fyrir að börn lendi á götum borgarinnar eða verði hneppt í barnaþrældóm. Þegar hefur tekist að bjarga 1200 börnum og er það gert með því að byggja skóla og hjálparmiðstöðvar til að hjálpa fátækum börnum og fjölskyldum þeirra. Samtökin eru styrkt af mörgum erlendum samtökum, s.s. Svíþjóð, Þýskalandi og Bandaríkunum.

Hope for children leggja mikla áherslu á menntun og telja hana lykil að framtíð barnanna. 60 börn byrjuðu í leikskóla samtakanna í haust. Myndirnar eru frá samtökunum.



Lausanne - ráðstefna unga fólksins

Janet Sewell starfar hjá grískum kristniboðssamtökum og skrifar hér um ferð sína á YLG 2016.

Full eftirvæntingar gekk ég frá borði á flugvellinum í Jakarta. Ég var á leiðinni á YLG 2016 (Lausanne – Younger Leaders Gathering) ásamt þúsund öðru ungu fólki frá 140 þjóðlöndum.

Ferð mín hófst 10 vikum áður þegar ég hitti Ole-Magnus Olafsrud einn af skipuleggjendum sambærilegrar ráðstefnu í Póllandi. Honum fannst það áhugavert að ég þjónaði í Grikklandi en væri fædd og uppalin á Íslandi. Þar sem hlutverk hans var að finna fulltrúa frá öllum löndum til að taka þátt í Jakarta-ráðstefnunni sló hann tvær flugur í einu höggi með því að bjóða mér að taka þátt. Ég varð full þakklætis og tveimur mánuðum síðar var ég komin til Jakarta til að lofa Drottin.

YLG ráðstefnan er haldin á margra ára fresti. Sú fyrsta var haldin árið 1987 í Singapore, sú næsta árið 2006 í Malasíu og svo nú í ár. Ráðstefnan er ætluð kirkjuleiðtogum á aldrinum 25-35 ára þannig að þetta var einstakur viðburður í lífi mínu, frábær upplifun og mikil forréttindi að fá að vera með.

Dagur á YLG 2016

Yfirskrift ráðstefnunnar var: Sameinuð í sögunni miklu. Dagarnir byrjuðu með að við hlýddum á boðskap sem hjálpaði okkur að sjá og skilja hlutverk okkar í sögu Guðs og ríkis hans. Að því loknu tók við fyrirspurnatími, þar sem leiðtogar víðsvegar að úr heiminum sátu fyrir svörum. Næst var farið í hópastarf. Í hverjum hóp voru 6-8 manns sem unnu saman alla ráðstefnuna. Ég var svo lánsöm að Jason Mandryk frá samtökunum Operation World var hópstjóri í hópnum mínum. Auk hans voru í hópnum leiðtogar frá Gíneu, Svásílandi, Perú, Pakistan og Bandaríkjunum. Eins og fólk getur ímyndað sér þá var enginn skortur á umræðuefni í þessum litríka hóp. Ólíkar frásagnir okkar af því hvernig Guð hefur breytt lífi fólks og aðstæðum höfðu djúp og trúarstyrkjandi áhrif á okkur öll.

Við tókum líka þátt í námskeiðum sem voru sniðin að sérhæfingu hvers og eins. Ég tók þátt í námskeiðum sem fjölluðu um hvernig nota má tækni og fjölmiðla til að ná til fólks með fagnaðarerindið. Sérstök áhersla var lögð á aðferðir sem skera sig úr; afar nauðsynlegt með hliðsjón af gríðarlegu fjölmiðlaáreiti í lífi flestra.



Ungt fólk á Lausanne ráðstefnu í Jakarta í Indónesíu.

Wisdom for World Evangelisation, eða Viska við boðun trúarinnar, var yfirskrift kvöldsamkomanna. Þar heyrðum við kunna prédikara á borð við Ravi Zacharias, Os Guinness og David Platt tala. Þessar stundir reyndust mér sérlega blessunarríkar og uppörvandi.


Lausanne hreyfingin var stofnuð af Billy Graham til að styrkja kristniboð á erfiðum svæðum, þar sem trúboðar lifa oft í mikilli einangrun og þurfa jafnvel að sæta ofsóknum, en það er að gerast núna. Þeir sem tóku þátt í YLG 2016 áttu það sameiginlegt að vaxa í trúnni og styrkjast.

Í eftirmiðdagshléinu, sem var síst of langt, gafst tími til að fara á kaffihús og kynnst nýju fólki. Hvert sem maður fór var fólk tilbúið að ræða saman og tengsl mynduðust. Það var kraftur og gleði í lofti, spenna yfir því að fá að starfa fyrir Guð.

Þvílíka uppörvun og gleði sem það veitti mér að fá að taka þátt í þessari einstöku ráðstefnu. Þótt nú séu ekki nema þrír mánuðir liðnir frá ráðstefnunni þá hafa nú þegar nokkrir, sem ég kynntist á YLG, komið við hjá mér í Grikklandi. Vinatengslin eru raunveruleg og möguleikarnir til samstarfs við útbreiðslu fagnaðarerindisins svo miklir. Ég bið spennt eftir að sjá hvernig Guð hyggst leiða starf okkar í framtíðinni.

Það var mér mikil blessun að fá að taka þátt í þessari ráðstefnu. Í auðmýkt þakka ég fyrir það tækifæri sem Guð gaf mér.

Janet Sewell



Janet Sewell og Aron Hinriksson voru fulltrúar Íslands á YLG 2016.



Yfirskrift ráðstefnunnar: Sameinuð í sögunni miklu.



Ungt fólk frá 140 löndum lofar Guð.

Fréttir af starfinu í Japan

Leifur Sigurðsson kristniboði býr og starfar á Rokkóeyju í Kobe.

„Með því vegsamast faðir minn að þér berið mikinn ávöxt og verðið lærisveinar mínir“
(Jóh. 15:8).

Haustið er loksins komið eftir heitt og rakt sumar. September og október voru óvenju heitir en nú hefur hitastigið loksins lækkað. Haustið er spennandi árstíð og margt um að vera í Japan, fjölmargar uppskeruhátíðir og viðburðir víðsvegar um borgir og bæi. Margir Japanir kaupa ávexti til að senda vinum og vandamönnum. Nú í seinni tíð er mjög vinsælt að tína ávexti hjá bændum sem bjóða upp á það en þar sem ræktarland er mjög takmarkað (aðeins 12% lands) eru ávextir oft mjög dýrir. Bændur leggja mikinn metnað í að rækta góða vöru í stað magns. Oftast höfum við farið og tínt kastaníuhnetur en í ár ákváðum við að tína epli. Eftir að hafa borgað okkur inn gátum við borðað eins mikið af eplum og við gátum í okkur látið. Og eftir að hafa bragðað á flestum tegundum stóðum við öll á blístri.

Allraheilagramessa, sem er minningar-dagur píslarvotta í kaþólskum sið, er mikilvægur messudagur hér í Japan. Söfnuðir nota daginn til að minnast látinna safnaðarmeðlima. Myndum af þeim er stillt upp við altarið og vinir og ættingjar minnst þeirra. Eftir messu er grafreitir þeirra heimsóttur. Í Japan hefur hver söfnuður grafreit eða hvelfingu en öll lík eru brennd. Söfnuðurinn á Rokkóeyju er með sameiginlegan grafreit með systursöfnuði hér í næsta nágrenni. Við vorum þar allmörg saman komin til að syngja, uppörva hvert annað og hlýða á Guðs orð. Allraheilagramessa er kjörið tækifæri til bjóða vinum og ættingjum til kirkju. Andlát náins ástvinar er alltaf erfitt en það er gott að koma saman og minnast fyrirheita Guðs um upprisu og nýtt líf sem engan enda tekur.

Um miðjan ágúst halda margir Japanir upp á O-Bon, sem er mikilvæg hátíð í búddisma. En þá trúir fólk því að andar forfeðranna snúi aftur til þessa heims. Margar fjölskyldur kveikja enn á ljóskeru til þess að forfeðraandarnir rati heim. Við sem trúum á Jesú og störfum að kristniboði í Japan vitnum um hið sanna

ljós, ljós heimsins - Jesú. „Ég er ljós heimsins. Sá sem fylgir mér, mun ekki ganga í myrkri, heldur hafa ljós lífsins“ (Jóh 8:12).

Í október voru haldnir tvennir tónleikar í kirkjunni. Á fyrri tónleikunum, sem voru stílaðir á unga fólkið, vituðu ung hjón frá Finnlandi í orði og með tónlist um frelsara sinn. Þau héldu fjölmarga tónleika í lútersku söfnuðunum í Kobe. Seinni tónleikarnir voru píanótónleikar með þýskum píanista. Fjölmargir gestir komu sem við höfum ekki séð áður. Við prentuðum yfir tvö þúsund auglýsingar sem safnaðarmeðlimir settu í pósthólf í nágrenninu. Þetta voru velheppnaðir tónleikar og margt fólk fékk tækifæri til að heyrja fagnaðarerindið, kannski í fyrsta sinn.

Við hjónin stjórnnum tveimur biblíuleshópum. Annar er fyrir eldri hjón sem eru ný í trúnni og hinn fyrir karla í söfnuðinum. Trúfæðsla er mjög mikilvæg, sérstaklega fyrir þá sem eru nýir í trúnni. Börnum í sunnudagaskólanum hefur fjölgað í haust. Unglingastarfið hefur ekki gengið eins vel og í fyrra. Margir í hópnum eru komnir í háskóla og fara brátt út á vinnumarkaðinn. Það er því mikilvægt að við náum að endurnýja hópinn og bjóða nýja unglinga velkomna. Lútersku kirkjurnar í Kobe bjóða upp á sameiginlega viðburði fyrir ungt fólk. Í nóvember var sameiginleg messa fyrir unglinga úr nokkrum söfnuðum í Kobe. Það var mjög uppörvandi að fá tækifæri til að syngja hressa söngva og kynnast nýju ungu fólki. Það er gott fyrir unga fólkið að hitta jafnaldra sína og tengjast vinaáttuböndum. Ég er sjálfboðaliði við menntaskólann á Rokkóeyju. Mér finnst mikilvægt að mynda tengsl við kennara og nemendur sem búa í hverfinu. Ég vona að samskonar tækifæri gefist í gagnfræðaskólanum. Í Japan er grunnskólinn sex ár, gagnfræðaskóli þrjú ár og menntaskóli þrjú ár.

Desember gengur nú senn í garð. Jólin eru annasamur tími en jafnframt gott tækifæri til að kynnast nýju fólki og boða farnaðarerindið. Við biðjum þess að Guð leiði okkur í starfinu á Rokkóeyju.

Gleðilegar jólakveðjur frá okkur í Kobe.
Leifur Sigurðsson og fjölskylda



Fjölskyldan tindi epli af öllum stærðum og gerðum.



Myndum af látnum ættingjum og vinum er stillt upp við altarið.



Minningarathöfn við grafreit safnaðarins.



Sunnudagaskólinn.



Unglingasamvera í Kobe.

Jól í Eþíópíu

Ég ólst upp í Eþíópíu sem kristniboðabarn. Fyrir sex árum flutti ég til Íslands með fjölskyldu minni. Við höfum komið okkur vel fyrir og höfum það gott hér á Íslandi en alltaf er það einhver partur af okkur öllum sem kallar okkur aftur heim til Eþíópíu.

Í nóvember í fyrra kom pabbi minn heim með þær fréttir að við fjölskyldan yrðum í Eþíópíu um jólin. Allir urðu himinlifandi glaðir og hlökkðuðu mikið til brottfarardagsins sem nálgadist óðum. Þegar við komum til Addis Abeba og hittum vini okkar þar urðu miklir fagnaðarfundir en þeir eru eins og hluti af fjölskyldunni. Það var ein besta jólagjöf sem hægt var að hugsa sér. Því á jólnum fögnum við fæðingu Jesú Krists, sem kom í þennan synduga heim, til að deyrja fyrir syndir okkar og fyrirgefa. Með hverjum er betra að fagna því en með fjölskyldunni, sama hvaðan úr heiminum hún er, því við erum öll börn almáttugs Guðs.

Það eru ekki bara þessi jól sem standa upp úr hjá mér eða eru mér hugföst. Við áttum fimm góð jól í Eþíópíu. Þar snjóar ekki, þar eru ekki þau þægindi sem við höfum á Íslandi, en jólin koma þangað sem kærleikurinn er.

Í Eþíópíu var ekkert stress fyrir jólin. Fjölskyldan gat varið meiri tíma saman á adventunni og við tókum þátt í guðsþjónustu kristniboðanna og helgileik, þar sem allir kristniboðarnir komu saman og léku helgileik í kringum varðeld.

En hvert ár héldum við jólin á nýjum stað. Mamma og pabbi þurftu oft að fara í sendiferðir fyrir kristniboðið og auðvitað fylgdu við systkinin með. Það var aldrei neitt kunnuglegt eða eitthvað sem við tengdum við jólin nema jólasakraðið sem mamma tók með sér og piparkökuilmur.



Systkinin Dagbjartur Elí, Margrét Helga og Jóel áttu heima í Eþíópíu.



Fjölskyldan fór til Eþíópíu um síðustu jól. Margrét Helga til vinstri með systkinum sínum á bát á Ómóánni.

Við minnumst þess oft við piparkökubakstur að við systkinin tengjum ekki jólin við snjó. Mamma okkar ætlaði eitt árið að fara að skreyta piparkökuhúsið með flórsykri (sem snjó) en þegar við systkinin sáum það, hlupum við til og spurðum: „Til hvers?“

Þarna sjáum við í litlum börnum, að jólin eru hátíð ljóss og kærleika. Gjafir, skraut, veðurfar og bakstur eru ekki aðalmálið, þó auðvitað sé það skemmtilegt. Við gleymum því oft hérna í þægindum eyjunnar okkar, en munum það á afskekktum stöðum, eins og í Eþíópíu, hver raunverulegur tilgangur jólanna er.

Margrét Helga Kristjánsdóttir



Greinarhöfundur, Margrét Helga með bróður sínum, Jóel á jóladag í Eþíópíu árið 2006.



Jólasveinn í Eþíópíu með stórusystur.

Kveðja frá Malí

Sveinn Einar Friðriksson Zimsen, kristniþoði í Malí, sendi okkur eftirfarandi bréf.

Við búum í bænum Narena sem er með 6-7000 íbúa. Lífið hér gengur sinn vanagang. Rígingartíminn er að líða undir lok og Malinkéfolkið að búa sig undir uppskerutímann þar sem jarðhnetur, maís, hirsí og hrísgrjón verða tekin upp og sett í geymslu fyrir þurrkatímann.

Mikið af tíma okkar fer í að heimsækja fólk og lesa í Biblíunni með þeim sem óska þess. Barnastarfið gengur vel, það hittast um hundrað börn á viku til að hlusta á biblíusögur, syngja, leika sér og spila fótbolta.

Það er gaman að segja frá því að við, kristniþoðarnir, erum núna tvær fjölskyldur og tvær einhleypar konur að störfum í Narena. Öll fjögur íbúðarhús kristniþoðsins eru í notkun en þau eru á þrem lóðum á mismunandi stöðum í bænum. Fjölskyldan Berge, sem kom hingað í sumar, er búin að koma sér fyrir í einu þeirra. Anna Birgitte er í barneignarleyfi og Fredrik notar tímann til að læra tungumál og kynnast fólki í þorpinu. Hugmyndin er að hann byrji að starfa með unglinga sem eru vaxnir upp úr barnaklúbbunum okkar. Bergfrid Almelid, sem var hér með okkur fyrsta árið okkar í Narena, er komin hingað aftur eftir árs leyfi í Noregi. Hún er m.a. að vinna við nýtt þróunarverkefni á gullnámusvæðunum. Birte Mesøy er á öðru ári sínu hér hjá okkur sem kennari Naomi, elstu dóttur okkar.

Af okkur fjölskyldunni er allt gott að fréttu. Naomi finnst gaman í skólanum og eftir skóla er hún mikið með vinkonum sínum í nágrenninu. Aron er líka mikið með vinum sínum á daginn og svo er hann líka mjög glaður yfir því að það eru komnir aðrir norskir krakkar til Narena. Hann hjólar reglulega í gegnum þorpið til að komast til Peders vinar síns. Davíð er mest inni á lóðinni með dagverðinum okkar, þeir eru bestu vinir. Aníta, eiginkona mín, og ég erum upptekin með ýmis verkefni sem okkur finnst gefandi.

Við munum fara til Noregs núna í nóvember vegna fæðingar fjórða barns okkar sem er væntanlegt í heiminn í byrjun desember. Þá mun ég fara á milli samkomuhúsa til að segja frá starfi okkar í



Barnastarfið.

Narena. Við reiknum með að koma hingað aftur í lok janúar.

Brunnar í nágrennaþorpi Narena

Það er svolítið skrítið að sitja í skugganum af grænu flamboiatrénu úti í garði, gæða sér á límonaði búnu til úr sitrónum tindum sama dag í garðinum og hugsa til þess að fyrir bara fjórum mánuðum var ekki hægt að finna vatn til að vökva grænmetið hér í þorpinu. Þurrkatíminn í Malí getur verið erfiður. Fyrir sumarið komu til okkar konur úr næsta þorpi og spurðu hvort við hefðum tök á að hjálpa til við að grafa þrjá brunna í grænmetisgarði þorpsins. Við fórum ásamt nokkrum konum úr þorpinu til fundar við þorpshöfðingjann. Við komumst að samkomulagi um að við gætum borgað rúmlega helming af kostnaðinum ef konurnar söfnuðu hinum helmingnum. Áður en við fórum í sumarfrí voru þrír góðir brunna tilbúnir í garðinum. Í gegnum þetta litla verkefni kynntust við mörgum konum í grænmetisgarðinum og í gegnum þær nokkrum fjölskyldum í þorpinu. Tveir af öldungunum hafa óskað eftir að fá Biblíur og við lesum núna reglulega með þeim.

Gullnámuverkefnið

Auk akuryrkju vinna íbúar Narena í gullnámu á svæðinu. Það eru margar námur í kringum Narena. Við höfum lengi verið að skipuleggja nýtt verkefni sem er að fylla upp í yfirgefnar námur. Þegar námurnar eru yfirgefnar eru skildar eftir djúpar holur sem eru hættulegar bæði fólki og dýrum. Þar að auki minnkar landbúnaðarsvæði Narena með hverju árinu þegar nýjar námur eru opnaðar.



Hjónin Sveinn Einar og Anita ásamt börnunum sínum, David, Aroni, og Naomi.

Við erum nú byrjuð á þessu og til að byrja með verður þetta tveggja ára verkefni, svokallað „pilotprojekt“. Ef þetta gengur vel munum við sækja um að halda áfram. Hugmyndin að þessu verkefni kemur frá fólkinu sjálfu, sem hefur áttað sig á að eitthvað verður að gera til að sporna við því að fleiri akrar verði grafnir upp án tilkomu nýrra.

Þakkir og bænaefni

Við erum þakklát fyrir að þið, kristniþoðsvinir á Íslandi, viljið fylgjast með starfi okkar í Narena og fyrir bænir ykkar. Fólk hér í Narena trúir á Allah og það hefur mikla trú á öndum náttúrunnar og forfeðra sinna, en það þekkir ekki Guð. Vinir okkar hér þurfa að fá að heyra um Guð sem sendi son sinn í heiminn til að bjarga þeim frá glötun.

Mig langar til að biðja ykkur að muna eftir Narena í bænum ykkar. Við erum hér til að segja fólki frá frelsara okkar. En það er bara Guð sem getur skapað trúna í hjarta þeirra. Biðjum þess að Malinkéfolkið fái þegið gjöf Guðs og taki á móti Jesú.

Við óskum ykkur gleðilegra jóla.

Sveinn Einar Zimsen.

Mikilvægt starf í Búlgaríu

Hjónin Gísli og Nora Jónsson starfa í Búlgaríu. Þau eru kristnir ráðgjafar og kennarar.



Nora ásamt Stoyanka, samstarfskonu sinni, á spjalli við sígaunastúlur.

Þau hjón eru með marga skjólstæðinga sem leita hjálpar hjá þeim. Meðal þeirra er fólk sem hefur verið nauðgað, misnotað, á í tilfinningalegum erfiðleikum eða sem býr við ofbeldi.

Nora starfar meðal sígauna og á munaðarleysingjahæli auk þess sem hún skrifar handbók fyrir nýgift hjón. Starf Noru á munaðarleysingjaheimilinu felst í að byggja upp sjálfsmynd stúlkanna sem þar búa. Hún leggur áherslu á að kenna stúlkunum að þær eiga aðra og betri möguleika í lífinu en þá sem þær búa við núna. Sama á við um unga fólkið í sígaunaþorpinu. Sígaunastúlur læra ungar að elda og Nora kennir þeim að baka. Þær eru fljótar að læra að baka smákökur. Ein stúlkan var beðin að baka kökurnar í 20 mín. en eftir rúman klukkutíma voru þær enn ekki bakaðar. Þegar Nora kannaði málið komst hún að því að rafmagninu er stolið og allt þorpið notar rafmagn eins og eitt hús þannig að allt gerist hægt. Nora hefur aðgang að herbergi sem er við hliðina á svínastíu. Hvort það er svín sem ber á dyrnar eða móðir vill svínið alltaf inn til hennar. Þrátt fyrir ringulreiðina virðast stúlkurnar salla rólegar. Í síðustu viku var reynt að nema eina stúlkuna á brott en samnemendur komu henni til hjálpar. Ef ránið hefði tekist gátu þeir sem rændu stúlkunni gift hana og þá geta foreldrarir ekkert gert. Þetta er almennur siður í sígaunasamfélaginu til að ná sér í eiginkonu.

Atvinnulaus meistarakokkur hjálpar Noru á munaðarleysingjahælinu. Stúlkurnar



Stúlur á munaðarleysingjaheimilinu læra að vinna saman í hóp.



Nora leiðbeinir við bakstur.



Sígaunastúlur læra að elda og baka.



3 stúlur sem horfa á myndatökumanninn.

eru upp með sér að fá þessa hjálp við að læra að elda. Nýlega var Nora að kenna þeim samskiptaleiðir. Hún sýndi þeim með dæmum 3 leiðir: að vera óvirkur, ágengur eða ákveðinn. Allar stúlkurnar völdu óvirku leiðina í samskiptum. Nora reynir að kenna þeim að setja mörk og væntingar í samskiptum. Túlkurinn tjáði Noru að þessar stúlur leyfðu strákunum að gera hvað sem þeir vildu við sig því það væri svo mikilvægt fyrir þær að eiga kæraasta.

Þau hjón langar mikið til að geta þjálfað heimafólk í kristilegri ráðgjöf með því að halda námskeið í samskiptum og um skyldur og ábyrgð í hjónaböndum. Mikilvægt sé að hjálpa fólki að eiga betri samskipti sín á milli og stuðla að heilbrigðara fjölskyldulífi. Þau biðja um fyrirbæn fyrir þessum áformum sínum.

Hægt er að styrkja starf Noru og Gísla með fjárframlagi og fyrirbæn. Upplýsingar eru veittar á skrifstofu Kristniþoðssambandsins í síma 5334900.

Milljónir barna án skólagöngu

Gervihnattasjónvarpsstöðin Sat-7 undirbýr skólasjónvarp.

Hætta er á að 21 milljón ungmenni, börn og unglingar, í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku fari á mis við skólagöngu. Af þessum fjölda eru 13 milljónir barna sem fá enga skólagöngu. Í Sýrlandi og Írak alast 4,5 milljónir barna upp án skólagöngu þar sem menntakerfið er hrunið vegna stríðsátaka.

Sjónvarpsstöðin Sat-7 undirbýr sérstaka rás sem á að koma til móts við hina gríðarlegu þörf á menntun í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku. Útsendingar eiga að hefjast í maí á næsta ári. Dagskráin verður ætluð börnum, foreldrum og kennurum.

Skortur á góðri menntun er ein stærsta áskorunin sem löndin í þessum heimshluta standa frammi fyrir. Heil kynslóð er í hættu á að missa af tækifæri til náms og vinnu vegna stríðsátaka. Þessi nýja rás hjá Sat-7 er svar kristinna manna við vandanum.

Sat-7 lítur á ástandið sem tækifæri til að þjóna samfélaginu til góðs. Nýja rásin á að hvetja til símenntunar í arabahéiminum. Kennslan verður ekki bara bókleg eða almenn fræðsla heldur mun hún einnig hvetja til gagnrýnnar hugsunar og viðurkenningar á öðru fólki og ólíkri menningu með það að markmiðið að reyna að byggja betra samfélag.

Nýja rásin er ekki eingöngu svar við núverandi flóttamannavanda heldur einnig á almennum skorti á góðri menntun í þessum heimshluta. Hinar stigvaxandi deilur í Mið-Austurlöndum eru mikið til sprotnar af fáfræði og lélegri menntun. Sat-7 hefur reynt að berjast gegn þessu árum saman með átaki gegn ólæsi og með skólasjónvarpinu á barnarásynni.

Vandinn er ekki aðeins sá að börn geta ekki gengið í skóla. Kennslan er mjög takmörkuð og einstrengisleg, oft sú sama og kennarnir fengu sjálfir.

Rita Elmounayer, fréttastjóri Sat-7, lýsir hættulegum aðferðum kennara, segir að kennararnir hafi vanist að vera barðir til hlýðni sem börn og noti því barsmíðar til að halda uppi aga í bekkjum sínum. Hún segir að ef Sat-7 noti ekki tækifærið og fjárfesti í góðri kennslu, sem byggir á kristnum grunni og alþjóðlegum, viðurkenndum gildum, muni aðrir nota tækifærið og kenna önnur gildi. Afleiðingarnar eru sýnilegar: róttækni, ofstæki og ófgar.

Sat-7 vonast eftir góðum stuðningi við þetta mál.



Sat-7 hóf útsendingar skólasjónvarps í maí á síðasta ári.

Það sem rekur Ritu áfram –sýnin

Rita er með þá sýn að efla menntun áhorfenda Sat-7. Hér kemur vitnisburður hennar og hvernig æska og uppeldi hennar hefur áhrif á hana.

Rita ólst upp í Líbanon. Æskuminningar hennar einkennast af stríðsátökum í áratugi með tímabundnum hléum. Hún missti móður sína ung og var alltaf hrædd um að missa föður sinn sem barðist í stríðinu. Skólanum hennar var oft lokað vegna skotárása og fjölskyldan flutti oft, bjó í víggirtum byrgjum með öðrum úr stórfjölskyldunni. Jafnvel á friðartímum óttuðust allir að stríðið brytist aftur út. Andlega streitan vegna óvissu og óöryggis í æsku hefur enn áhrif á Ritu. Á sama tíma hefur reynslan gert hana ákveðnari og gefið henni meiri samkennd með þeim sem búa við stríðsátök og erfiðleika. Hún segir: „Þú elst upp við þessa brýnu þörf að elska aðra, hjálpa þeim og að segja frá lífi þínu í von um að það breyti einhverju í lífi annarra.“

Loforð föður hennar

Fjölskylda Ritu var fátæk þar sem níu ættingjar bjuggu í tveggja herbergja íbúð með einu svefnherbergi. En þrátt fyrir það sá faðir hennar henni og systur hennar fyrir góðri menntun, sendi þær í einkaskóla og seinna í háskóla. Rita ófundaði oft skólafélaga sína sem bjuggu við meiri efnisleg gæði. Hún spurði pabba sinn hvers vegna þau væru fátæk? Hann svaraði henni: „Ég veit að við erum ekki rík og að þig langar í ýmsa hluti sem ég get ekki gefið þér. En ég lofa þér því að ég skal gefa þér góða menntun. Það er vopnið þitt fyrir betri framtíð!“

„Pabbi notaði orðið vopn, vegna þess að hann var hermaður. Á þessum tíma skildi ég ekki alveg hvað hann átti við en nú geri ég það. Þegar ég ferðast get ég talað mismunandi tungumál, haldið ráðstefnur og fundi, flutt erindi eða komið fram á sjónvarpsskjá. Ég þakka Guði fyrir pabba minn,“ segir Rita.

Unnið að markinu

Menntun Ritu hefur gert henni kleift að boða trú og von til kynslóða framtíðarinnar. Hún stjórnar fimm rásum Sat-7 og sér heildarmyndina og þróar nýjar hugmyndir til að koma til móts við áhorfendur. Sat-7 barnarásin er með milljónir áhorfenda, ekki bara börn heldur einnig fjölskyldur þeirra.

„Við fáum óendanlega mikið af tölvupósti frá foreldrum sem þakka okkur fyrir það sem við gerum fyrir börnin þeirra. Það er algert grundvallaratriði að við kennum börnunum hið rétta. Við viljum breyta nýrri kynslóð, börnum sem fólk á Vesturlöndum lítur á sem verðandi hryðjuverkamenn. Við bendum á gildi sem eru ekki sýnd á öðrum sjónvarpsstöðvum: sáttargjörð, umburðarlyndi, kærleika, frið og fyrirgefningu. Markmið okkar er að fjárfesta í lífi einstaklingsins og til að það sé hægt verðum við að byrja á börnunum. Við óskum þeim betra lífs og að þau verði betra fólk – leiðtogar þar sem kærleikur og samúð reka menn áfram. Við trúum því að ný kynslóð eigi eftir að breyta Mið-Austurlöndum – til hins betra – við þurfum bara að trúa,“ segir Rita að lokum.

Keith Reed stóð fyrir tónleikum þann 11. september þar sem safnað var sérstaklega fyrir skólasjónvarpi Sat-7. Margir tónlistarmenn gáfu vinnu sína og voru tónleikarnir vel heppnaðir. Aðgangur var ókeypis en tekið við frjárframlögum. Gjafir námu um 400.000 kr. Ef fleiri vilja styrkja starf Sat-7 má leggja inn á reikning 0117-26-2800, kt. 550269-4149 og merkja Sat-7 skóli. Þá er hægt að kaupa gjafakort sem styrkir útvarps- og sjónvarpsstarf. Gjafakortin fást í Basarnum, Austurveri og á skrifstofu SÍK að Háaleitisbraut 58-60.

Fullkomið frelsi

„Þegar Jesús hafði fengið edikið sagði hann: „Það er fullkomnað“. Þá hneigði hann höfuðið og gaf upp andann“ (Jóh. 19,30).

Á lítilli hæð, utan við borgarmúr Jerúsalem, risu þrír krossar. Þrír menn höfðu verið krossfestir, **tveir sekir og einn saklaus!** Tveir illvirkjar dæmdir til dauða vegna glæpa sinna og einn sem hataður var af andlegum leiðtogum þjóðarinnar þrátt fyrir kærleiksverk sín og umhyggju fyrir sjúkum og minni máttar.

Um illvirkjana vitum við lítið annað en að þeir voru syndum hlaðnir, dæmdir af rómversku herstjórninni til að fá makleg málagjöld. Um þann þriðja vitum við meira. Hann hafði í þrjú ár gengið um meðal fólksins ásamt lærisveinum sínum. Kraftaverk hans og róttæk kennsla öfluðu honum bæði fylgjenda og óvina. Og nú var hann krossfestur með illvirkja til beggja hliða. Fólk og hermenn hæddust að honum, lítill hópur kvenna og karla grét en margir héldu sér fjarri vegna ótta um að hljóta sömu örlög. Annar illvirkjana hæddi hann einnig meðan hinn játaði syndir sínar og vitnaði um hann, sem hékk á milli þeirra. (Lúk. 23,39-41).

Í litlu, fátæklegu fjárhúsi eða helli þar sem skepnur fengu skjól, voru þrjár mannverur. María, ung kona, Jósef heitmaður hennar og nýfætt barn hennar. Umkringd skepnum höfðu þau skjól þessa nótt.

Níu mánuðum áður hafði engill, sendur af Drottni, komið til Maríu og boðað henni þau undarlegu tíðindi að hún mundi fæða son Guðs í heimin. Jósef vitraðist engill í draumi sem sagði honum að taka Maríu að sér. Hún væri þunguð af heilögum

anda – og barnið skyldi heita **Jesús – því hann myndi frelsa lýð sinn frá syndum hans!** (Matt. 1, 21). Nú voru þau komin til smábæjarins Betlehem til að láta skrásetja sig samkvæmt boði keisarans í Róm og tíminn var kominn – barnið skyldi fæðast þar! (Lúk. 2,4-7).

Fjárhirðar úti í haga fá óvenjulega heimsókn þessa sömu nótt. Undir stjörnuþjörtum næturhimninum fá þeir fyrstir manna að heyra gleðiðboðskapinn um fæðingu frelsarans.

„En í sömu byggð voru hirðar úti í haga og gættu um nóttina hjarðar sinnar. Og engill Drottins stóð hjá þeim og dýrd Drottins ljómaði kringum þá. Þeir urðu mjög hræddir en engillinn sagði við þá: „Verið óhræddir, því, sjá ég boða yður mikinn fögnuð sem veitast mun öllum lýðnum: Yður er í dag frelsari fæddur, sem er Kristur Drottinn, í borg Davíðs. Og hafið þetta til marks: Þér munuð finna ung barn reifað og liggjandi í jötu!“ (Lúk. 2,8-12). – Þeir skunduðu af stað til að sjá með eigin augum það sem þeim var boðað.

„Og hirðarnir sneru aftur og vegaðu Guð og lofuðu hann fyrir það sem þeir höfðu heyrt og séð“ (Lúk. 2,20).

Og nú var hann hér, þessi sami Jesús. Á Golgata, krossfestur með illvirkja til hvorrar handar. Bænabaráttunni í Getsemane var lokið, svikin og handtakan um garð gengin. Yfirheyrslur, svípuhögg, niðurlæging og spott hermanna að baki. Með þyrnikórónu á höfðinu, þungan krossinn á herðunum, undir hæðnis-hrópum lýðsins gekk hann út fyrir borgina, upp á hæðina þar sem lokaátökin myndu fara fram. „En hann var særður vegna vorra synda, kraminn vegna vorra misgjörða. Honum var refsað svo að vér

fengjum frið og fyrir hans benjar urðum vér heilbrigðir“ (Jes. 53,5).

Illvirkinn, sem sá þetta og trúði, fékk fyrirheit frá munni Jesú: „Í dag skalt þú vera með mér í Paradís!“ (Lúk. 23,43). Þegar þjáningum þeirra lauk þennan dag voru þrír látnir menn á krossunum, **tveir hólpnir og einn glataður!**

Dauði Jesú á krossinum frelsaði illvirkjann, sem iðraðist á dauðastund sinni, og mun frelsa þig líka. Guðlaust líf illvirkjans á glæpabraitinni breyttist við þessi einföldu orð Jesú: „Í dag skalt þú vera með mér í Paradís!“ **„Það er fullkomnað!“**

Jólin væru ekki hátíð án krossins og upprisú Jesú frá dauðum; né heldur væri gleðiðboðskapur páskanna til án fæðingar frelsarans í Betlehem. Láttu boðskap jólanna tala inn í aðstæður þínar í ár. Það skiptir ekki máli hverjar þær eru. Frelsarinn Jesús fæddist í Betlehem til að taka á sig sekt þína og synd. Á Golgata var skuldin greidd og sektin afmáð. Og það er enginn undanskilinn sem vill koma til hans. Allt er tilbúið – frelsisverk Jesú er fullkomið! Kemur þú líka?

Jesús eynd vora alla sá, ofan kom til vor jörðu á, hæðum himna upprunninn af, undir lögmálið sig hann gaf.

Svoddan aðgættu, sála mín, sonur Guðs hrópar nú til þín, hvað þér til frelsis þéna kann, „**það er fullkomnað,**“ segir hann. (43. Passíusálmur v.9 og 14)

Guð gefi okkur öllum Gleðileg jól.
Friðrik Hilmarsson Zimsen

Biblíuskóli í Afríku

Norska kristniboðssambandið (NLM) hefur komið á fót biblíuskóla í Nairóbí, höfuðborg Keníu. Skólinn hefur hlotið nafnið „TeFt Familie“ og er fyrir fjölskyldur sem vilja taka sér hvíld frá önnum dagsins, lesa Biblíuna með góðu fólki og kynnast kristniboðsstarfi í Keníu. Leikskóli, grunnskóli og unglingaskóli eru til staðar fyrir börn

og unglinga. Fyrsta námskeiðið hefst eftir áramótin og er fullbókað í það. Hvert námskeið er þrír mánuðir.

Næstu námskeið verða haustið 2017 og frá janúar 2018. Skráning á þessi námskeið stendur yfir. Áhugasamir Íslendingar geta sótt um skólavist. Fullvíst má telja að dvölin í Keníu verði jákvæð reynsla sem setja mun

mark sitt á líf þeirra, einstaklinga og fjölskyldna, sem þar dvelja.

Frekari upplýsingar og umsóknar-eyðublað má finna á: <http://www.nlm.no/teft-familie/soeknad/soeknad-til-teft-familie>.

Einnig er hægt að hafa samband við skrifstofu Kristniboðssambandsins, Háaleitisbraut 58-60, s. 5334900.

Stefnir í fjárhagshalla árið 2016

SÍK eða Sambands íslenskra kristniboðs-félaga vinnur að útbreiðslu kristinnar trúar og kærleikspjónustu hér heima og í útlöndum. Starfsemi SÍK er umfangsmikil og kostar verulega fjármuni. Miðað við útlit og horfur, þá stefnir í talsverðan halla á rekstri SÍK á árinu 2016 þar sem enn á eftir að senda þó nokkrar upphæðir út. Farið er því fram á að aðilar og aðrir velunnarar starfsins biðji fyrir starfsemi og rekstri SÍK og að Drottinn lagfæri fjárhagsstöðuna þannig að afkoman verði jákvæð í árslok.

Uppruni fjármuna, tekjur

Rekstur SÍK hefur verið fjármagnaður annars vegar með framlögum kristniboðs-félaga, einstaklinga, hópa, kirkna og annarra velunnara starfsins og hins vegar með rekstri Basarsins. Sala frímerkja og skógámar skilar einnig verulegum fjárhæðum til starfsins. Auk þess hefur ríkissjóður veitt annað veiðið framlög til skólabygginga í Keníu. Hér fylgir samanburður tekna fyrir fyrstu 10 mánuði árána 2014, 2015 og 2016. Fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs.

Janúar til október	Árið 2016	Árið 2015	Árið 2014
Tekjur	kr.	kr.	kr.
Gjafir einstaklinga, félaga og kirkna	18.788.433	20.727.592	18.429.147
Framlög og styrkir	13.405.000	1.632.620	2.578.101
Sala á vöru og þjónustu	19.596.508	20.883.920	21.869.879
Leiga á húsnæði	3.729.815	3.273.400	2.555.900
Óreglulegar tekjur	315.616	3.533.324	2.855.569
Tekjur samtals	55.835.372	50.050.856	48.288.596

Gjafir einstaklinga, félaga og kirkna lækka um 1.9 m.kr. frá árinu 2015, en eru örlítið hærri en árið 2014. Lækkunin frá árinu 2015 er aðallega í gjöfum einstaklinga og kirkna sem lækka um 2,5 m.kr. **Framlög og styrkir.** SÍK fékk 12,2 m.kr. framlag frá ríkissjóði á árinu 2016 til skólabygginga í Pókot í Keníu og er það megin skýringin á hækkun framlaga frá árunum þar á undan. **Sala á vöru og þjónustu** samanstendur einkum af sölu Basarsins, sölu skógáma og frímerkja. Á árinu 2016 voru seldir færri skógámar til útlanda en árin 2014 og 2015 og er það megin skýringin á minnkandi sölutekjum þeirra ára.

Ráðstöfun fjármuna, gjöld

Laun og launatengd gjöld hækka milli ára og enda í rúmum 30 milljónum.



Hækkunin stafar að mestu leyti af hækkun launavísitölu vegna kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Starfsmenn á skrifstofu SÍK halda utan um rekstur og starfsemina hér á landi og í útlöndum. Meðal þess sem þeir vinna að eru útgáfa tímaritsins Bjarma og Kristniboðsfrétta, sjá um vefsíðuna sik.is og nokkrar síður

fjár er þegar farinn út og afgangurinn fer fljótlega. Rekstur húsnæðis er um 6 milljónir og annar rekstrarkostnaður annað eins.

Starfsemi Sambands íslenskra kristni-boðsfélaga erlendis er viðamikil. SÍK fjármagnar kristniboða í Japan og er virkt í að styrkja, efla og breiða út kristna trú í Eþíópíu, Keníu, Mið-Austurlöndum, Norður-Afríku og einnig í Kína.

Starfið í Eþíópíu og Keníu felst aðallega í að hlúa að, mennta, efla og styrkja starfsemi Lútersku kirkjunnar í þessum löndum. Í þeim tilgangi hafa íslenskir kristniboðar farið nokkuð reglulega til þessara landa og verið þar í 1-3 mánuði og haldið námskeið, leiðbeint og uppörvað innlenda presta og prédikara í þjónustu þeirra við fagnaðarerindið. Auk þess hefur SÍK styrkt og komið að byggingu kirkna og skóla í þessum löndum. Lútherska kirkjan í Keníu hefur með aðstoð frá Íslandi og Noregi reist um 100 grunnskóla að hluta eða öllu leyti í Pókothéraði í Keníu og um 15 framhaldsskóla. *Af götu í skóla* er eitt af verkefnum sem SÍK styrkir í Eþíópíu, en það snýst um að hjálpa götubörnum að ganga í skóla í Addis Abeba höfuðborg Eþíópíu. Einnig er styrkt lestrarkennsluverkefni í Ómó Rate og er verkefninu ætlað að kenna og þjálfa hóp heimamanna sem síðan geta kennt sínu eigin fólki að lesa.

Samband íslenskra kristniboðsfélaga styrkir myndarlega Sat-7, sem er sjónvarpsstöð sem boðar fagnaðarerindið í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku og SÍK styrkir einnig boðun Guðs orðs í gegnum útvarpsþendingar til Kína.

Hermann Bjarnason, gjaldkeri SÍK

Lago Lalasha

Karl Jónas Gíslason, kristniboði, hefur starfað mikið í Ómó Rate í Eþíópíu. Hann skrifar um einn samstarfsmanna sinna í þessari grein.

Lago Lalasha hefur undanfarin ár verið yfir boðunarstarfi Mekane Yesus kirkjunnar í Ómó Rate og svæðunum þar í kring. Foreldrar hans eru meðal fyrstu kristnu í Kolme, í Konsóhéraði. Þegar foreldrar mínir, Gísli Arnkelsson og Katrín Guðlaugsdóttir, voru að störfum í Konsó 1961 - 1972, komust foreldrar Lagos til trúar. Lalasha var beðinn að fara í biblíuskóla og gerðist í framhaldinu predikari í Kolme. Hann hefur um áratugaskeið tekið þátt í starfi kirkjunnar þar.

„Ég er alinn upp með þá þrá í hjarta að allir fái að heyra um Jesú,“ segir Lago mér. „Þegar pabbi var að byrja starf sitt í Kolme, var kristindómurinn nýr fyrir okkur. Pabbi var einn af fyrstu ljósberum fagnaðarerindisins heima,“ heldur hann áfram. Augun ljóma af stolti. Lago og fjölskylda hans hafa alla tíð verið upptekin af því að miðla fagnaðarerindinu þeim sem lifa í myrkri heiðninnar og sem eru hlekkjaðir í viðjum andatrúar. Á líkama Lago má sjá afleiðingar hennar. Ör eftir að glóandi málmur var þrýst á bringu hans til að reka út illan anda sem olli sjúkdómi. „En þau fóru loks með mig á sjúkraskýlið í Konsó þar sem ég fékk meðferð, sem dugði, eins og sjá má.“

Á meðan Lago ólst upp kynntist hann vel þeirri „ómenningu,“ sem oft vill fylgja heiðindómnum. Hann kynntist því þegar farið var með börn og sjúklinga til seiðmannsins í þorpinu. Þegar þurfti að fórna bestu geitinni eða kind til að friða andana; smyrja blóði á sjúklinginn og jafnvel hús fjölskyldunnar. Fyrir rúmum 50 árum var giftingaaldur stúlka í Kolme 13 - 14 ár, í dag er hann 18 - 20. Barnabréðkaup eru bönnuð með öllu innan kirkjunnar og er tekið hart á því. „Foreldrar mínir sögðu



Kalli og Lago spjalla saman.

okkur, börnunum, frá því myrkri sem þau ólust sjálf upp í. Þegar þau tóku á móti Jesú, fóru þau úr myrkri til ljóss.“

Um tvítugt hitti Lago Berisha Hunde, forseta kirkjunnar. Berisha hvatti Lago til að fara í biblíuskóla, hvað hann og gerði. Meðan Lago stundaði nám hitti Berisha hann, ásamt fleiri nemendum. Berisha lagði mikla áherslu á að enn væru margir þjóðflokkar á þeirra svæði sem ekki hefðu kynnst Jesú. Hann bað þá að minnst þess að „við sem höfðum fengið ljósið verðum að bera það áfram.“

Lago var spurður hvort hann væri tilbúinn að fara til Suður-Ómó til að predika fagnaðarerindið, segja frá kærleika Guðs sem birtist í Jesú Kristi. Lago sneri til Kolme og ræddi þetta við unga konu sína. Þau höfðu einungis verið gift í tvö, þrjú ár þegar hann hóf skólanámið. Eftir að hafa rætt málin og beðið mikið, segir konan hans við hann: „Lago, Guð ætlar okkur að vera ljós meðal fólksins í Suður-Ómó. Farðu! Hann mun sjá um okkur.“ Þetta var fyrir rúmum 23 árum. Lago hóf störf á stað sem heitir Bitá Galafa og starfaði þar í um 15 ár. Þá var hann beðinn um að gerast yfirmaður starfs Mekane Yesus í Ómó Rate. „Ég verð fyrst að tala við konuna

mína,“ svaraði hann. Svo sneri hann til Kolme.

Nokkrum vikum seinna kom hann svo til Ómó Rate. „Ég ætlaði að hætta sem predikari núna,“ sagði hann. „Þegar ég kom heim og ræddi við konu mína svaraði hún mér að hún vissi að Guð vildi enn nota okkur og úr því svo er, erum við tilbúin. Já, ég skal verða yfirmaður hér.“

Svæðið sem er á ábyrgð hans er stórt og mikið. Að ferðast á milli staða getur tekið allt að þrjá sólahringa. Lago fer allra sinna ferða í rútu, vörubílum eða fótgangandi. Lago og kona hans, já fjölskyldan öll, hafa fórnað ótrúlega miklu. Í meira en 20 ár hafa þau verið í fjarbúð starfsins vegna. Á nokkurra mánaða fresti hefur hann skotist heim til að hitta fjölskylduna í nokkra daga og svo snúið aftur til starfa.

Ég hef fengið að kynnst þessum einstaka manni. Séð hvernig hann umgengst fókið í Ómó Rate, Turmi og öðrum stöðum, með kærleika og umhyggju. Ég hef séð eldmód hans þegar hann predikar fagnaðarerindið um Jesú Krist, dáinn, grafinn og upprisinn.

Undanfarin tvö ár hefur Lago verið við nám í stjórnunarfræðum með stuðningi frá Kristniboðssambandinu, við skóla kirkjunnar í Arba Minch. „Ef Guð lofar, sný ég aftur til Ómó Rate,“ var kveðja hans til mín er við kvöddumst s.l. sumar. Tilbúinn til starfa. Guð kallar! Lago hlýðir kalli hans. En hvað með okkur? Erum við tilbúin að fórna einhverju? Biðjum fyrir Lago og fjölskyldu hans. Biðjum Guð að gefa okkur fleiri verkamenn á akur sinn. Lago finnst hann ekki eiga margra kosta vö; meðan enn er fólk í viðjum heiðninnar og hlekkjað fjötrum Satans, verður hann að predika. Hann verður að fá að lýsa því ljósi sem Kristur er honum. Hvað með okkur?

Kalli

..... Náð og friður í erli dagsins!

„Í friði leggst ég til hvíldar og sofna, því að þú, Drottinn, lætur mig búa óhultan í náðum. ... Á morgnana heyrir þú rödd mína, á morgnana legg ég bæn mína fram fyrir þig og ég bið þín“ (Sálmur 4,9 og 5,4).

Þannig var samband Davíðs konungs við Drottin og þannig einnig daglegt líf kristins manns. Óróleiki, kvíði og eirðarleysi vikur fyrir trúnni og þeim

friði sem Guð gefur. Sambandið við Guð byggir á einfaldri trú og trausti. Hafi ég lagt málefni mín fram fyrir hann þá mun hann taka þau að sér. (Job. 35,14).

Að byrja daginn í bæn og þakklæti til Drottins er besta veganestið að morgni. Um leið einnig vernd í freistingum og áskorunum dagsins og blessun hans fylgir þeim verkefnum sem þarf að


vinna. Að lifa lífi sínu í Kristi, í viðvarandi náð hans, gerir mér kleift að leggjast til hvíldar að kvöldi umvafinn náð hans og friði.

Góðan dag hjá Drottni þýðir að mæta degi hverjum í krafti hans. Góða nótt hjá honum merkir að ég get lagst til hvíldar í friði hans.

F.Wisløff / FHZ



vant



skóli




kirkja



sjúkrahús

BASARINN
Austurveri

komdu og sjáðu
drauma Raetast



Nytjamarkaður Kristniboðssambandsins


Opið

virka daga kl. 11-18 og laugarda kl. 12-16

Gjafakort Kristniboðssambandsins eru tilvalin gjöf handa þeim sem allt eiga.



















Gjafakortin fást í Basarum, Austurveri og á skrifstofu Kristniboðssambandsins.

Dökkum jólakveðjur og veittan stuðning

Reykjavík
ASK Arkitektar ehf
Auglýsingastofan ENNEMM
Á.K. Sjúkraþjálfun ehf
B. Ingvarsson ehf
Bílasmiðurinn hf
Blómabúðin Hlíðablóm
Bónstöðin hjá Jobba ehf
Brauðhúsið ehf
Danica sjávarafurðir ehf
Efling stéttarfélag
Endurskoðun og reikningsskil hf
Fastus ehf
Félag atvinnurekenda
Fiskmarkaðurinn ehf
Garðs Apótek ehf
Gjögur hf
GLÁMA-KÍM arkitektar
Guðmundur Arason ehf, smíðajárn
Gullkistan skrautgripaverslun-www.thjodbuningasilfur.is
Gullsmiðurinn í Mjódd
Hamborgarabúlla Tómasar - Við erum öll jöfn
Henson sports
Hótel Leifur Eiríksson ehf
Hótel Viðey ehf - 4th Floor Hotel
Höfðakaffi ehf
Innnes ehf
Íslensk endurskoðun ehf
Íslenska auglýsingastofan
Kjörgarður
Kóral sf
Kvíka ehf
Löndun ehf
Nýi ökuskolinn ehf
Ó. Johnson & Kaaber ehf
Ólafur Þorsteinsson ehf
Suzuki bílar hf
Tannlæknastofa Geirs A Zoega
Tónskóli þjóðkirkjunnar - Grensáskirkju
Tróbeco ehf
Varma & Vélaverk ehf
Verkfræðistofan VIK ehf
Verslunin Rangá
Við og Við sf
Vilhjálmsson sf, heildverslun
Þorsteinn Bergmann ehf

Garðabær
Árvík hf
Fagval ehf
Geislataekni ehf-Laser-þjónustan
Íslandsfundir ehf

Hafnarfjörður
Ás, fasteignasala ehf
H. Jacobsen
Hrafnistuheimilin
Útvík hf
Viðir og Alda ehf

Reykjanesbær
Varmamót ehf
Verslunarmannafélag Suðurnesja

Grindavík
Hópsnes ehf
Marver ehf
Veitingastofan Vör ehf

Mosfellsbær
Hestaleigan Laxnesi
Nonni litli ehf

Akranes
Verslunin Einar Ólafsson ehf

Borgarnes
Skorradalshreppur

Stykkishólmur
Hvítasunnukirkjan Fíladelfía Stykkishólmi

Reykholahreppur
Þörungaverksmiðjan hf

Ísafjörður
Gámaþjónusta Vestfjarða ehf
Samgöngufélagið-www.samgongur.is

Bolungarvík
Glaður ehf

Tálknafjörður
T.V. Verk ehf

Blönduós
Húnavatnshreppur

Sauðárkrókur
Vörumiðlun ehf

Varmahlíð
Akrahreppur Skagafirði
Ferðaþjónustan Bakkaflöt-www.Riverafting.is

Akureyri
Grófargil ehf
Höldur ehf, bílaleiga
Raftákn ehf - Verkfræðistofa
Vélsmiðjan Ásverk ehf

Egilsstaðir
Bókráð,bókhald og ráðgjöf ehf
Miðás ehf

Reyðarfjörður
Tærgesen, veitinga- og gistihús

Eskifjörður
Fjarðarþrif ehf

Neskaupstaður
Síldarvinnslan hf

Höfn í Hornafirði
Uggi SF-47

Selfoss
Bókaútgáfan Björk
Jeppasmiðjan ehf
Lindin, verslun

Hveragerði
Dvalarheimilið Ás

Þorlákshöfn
Sveitarfélagið Ölfus

Ölfus
Eldhestar ehf

Flúðir
Flúðasveppir ehf

Vestmannaeyjar
Ísfélag Vestmannaeyja hf
Miðstöðin ehf
Ós ehf
Vinnslustöðin hf

Á döfinni

Samkomur í Kristniboðssalnum

Uppbyggilegar og fræðandi samkomur eru í Kristniboðssalnum á Háaleitisbraut 58-60 hvert miðvikudagskvöld kl. 20:00. Dagskrána má finna á heimasíðu Kristniboðssambandsins, sik.is og í Félagslífi Morgunblaðsins. Allir eru hjartanlega velkomnir á samkomurnar.

Basarinn, nytjamarkaður Kristniboðssambandsins, í Austurveri

Í Basarnum má gera mjög góð kaup og finna jólagjafir á góðu verði. Einnig er gott úrval af alls konar jólavöru. Jólafötin fást í Basarnum, notuð en vel með farin eða ný. Bókaormar geta fundið mikið úrval af góðum, ódýrum kiljum, bæði á íslensku og ensku. Flestar skáldsögur sem út hafa komið undanfarin ár má finna í Basarnum. Einnig fást þar kristilegar bækur, nýjar og notaðar. Basarinn er opinn virka daga kl. 11-18 og laugardaga kl. 12-18 í desember. Síðustu vikuna fyrir jól verður Basarinn opinn fram á kvöld eða eins og aðrar verslanir í Austurveri. Verið velkomin, kaupið ódýrt og styðjið um leið gott málefni.



Frímerki og mynt

Jólakveðjur eru hluti af hinum hefðbundna jólaundirbúningi. Fjöldi umslaga berst inn á hvert heimili, mörg hver með fallegum frímerkjum, bæði innlendum og erlendum. Við þiggjum með þökkum umslögin með frímerkjunum á eða frímerkin af jólapóstinum ykkar. Tekið er á móti frímerkjum og umslögum í Basarnum, Austurveri og í Litla húsinu, Glerárgötu 1, Akureyri. Þá munu pósthúsin um land allt taka við umslögum og frímerkjum í janúar.

Kristniboðssambandið safnar notuðum frímerkjum en einnig mynt. Myntin má vera í hvaða gjaldeyri sem er. Hvernig væri að taka til í skúffum og dósam og færa kristniboðinu myntina sem víða leynist? Margt smátt gerir eitt stórt.

Tekjur af sölu frímerkja og myntar það sem af er ári nema um 3,6 milljónum króna. Verðmæti sem oft fer í ruslið. Jarle Reiersen sér um að flokka og selja frímerkin og myntina sem berst til kristniboðsins. Innilegar þakkir til allra sem gefa kristniboðinu frímerki og mynt!

Látum skóna ganga aftur

Kristniboðssambandið er með skógáma hjá Sorpu undir heitinu Látið skóna ganga aftur. Fólk er hvatt til að setja skó sem það er hætt að nota í gámana okkar.

Gjafakort, tækifæriskort og minningarkort

Við minnum á gjafakortin. Þau má gefa við öll tækifæri og eru upplögð handa þeim sem allt eiga. Hægt er að velja á milli níu tegunda og styðja þar með níu mismunandi verkefni. Verðið er frá kr. 2000-10.000. Þá eru til sölu falleg tækifæriskort á góðu verði, einnig falleg handgerð kort sem fátækar konur í Keníu búa til. Við minnum einnig á minningarkortin. Hægt er að nálgast kortin í Basarnum, Austurveri, Háaleitisbraut 68, s. 5626700 og á skrifstofu Kristniboðssambandsins Háaleitisbraut 58-60 s. 5334900.



Almanakið

Almanak kristniboðssambandsins fyrir árið 2017 er komið út og fylgir það Kristniboðsfréttum. Almanakinu er dreift ókeypis en á hverri síðu eru bankaupplýsingar um hvernig hægt er að gefa til kristniboðsins ef fólk óskar þess. Vinsamlegast hafið samband við skrifstofuna ef þið viljið að við sendum ykkur fleiri almanök.

Kristniboðsdagurinn og kaffisala

Kristniboðsdagur þjóðkirkjunnar var sunnudaginn 13. nóvember og var hans

minnst í kirkjum landsins. Helga Vilborg Sigurjónsdóttir kristniboði prédikaði í útvarpsguðsþjónustu dagsins frá Linda-kirkju. Starfsmenn og sjálfboðaliðar Kristniboðssambandsins tóku víða þátt í guðþjónustum og samkomum þennan dag. Í mörgum kirkjum var tekið á móti gjöfum til starfs kristniboðsins og færum við innilegar þakkir fyrir þær.

Kristniboðsfélag karla hélt sína árlegu kaffisölu á kristniboðsdaginn. Margir kristniboðsvinir og velunnarar starfsins lögðu leið sína í Kristniboðssalinn og nutu góðra veitinga hjá körlunum. Kaffisalan gekk vel og er nú orðinn fastur liður í hátíðarhöldum kristniboðsdagsins.

Jólabasarinn

Kristniboðsfélag kvenna hélt sinn árlega jólabasar laugardaginn, 19. nóvember. Að venju var gott úrval af handunnum munum og mikið af jólasmaakökum og öðrum heimabakstri til sölu. Skyndihappdrættið nýtur ætíð mikilla vinsælda og seldust 500 miðar. Margir fengu sér heitt súkkulaði og nýbakaða vöflu og spjölluðu við vini og kunningja. Jólabasarinn gekk mjög vel og rennur ágóðinn óskiptur til starfs kristniboðsins.

Kristniboðsvika

Eins og undanfarin ár stendur til að hafa kristniboðsviku í lok febrúar og fyrstu vikuna í mars. Vikan mun hefjast sunnudaginn 26. febrúar og ljúka sunnudaginn 5. mars. Loyara, prestur í Pókot í Keníu, er væntanlegur í heimsókn til Íslands og mun taka þátt í kristniboðsvikunni. En dagskráin birtist er nær dregur. Við minnum kristniboðsvini á að hafa vikuna í huga og biðja fyrir henni. Hún er gott tækifæri til að bjóða vinum og vandamönnum á samkomu og kynna þeim um leið starf Kristniboðssambandsins.

